

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 1. nóvember 2022

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu

Félag atvinnurekenda (FA) og Íslensk-evrópska verslunarráðið (ÍEV) (hér eftir samtökin) vísa til ofangreindra frumvarpsdraga, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 18. október síðastliðinn.

Samtökin lýsa skilningi á tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar; að tryggja að erlendar fjárfestingar á vissum viðkvæmum samfélagssviðum feli ekki í sér ógn við þjóðaröryggi eða allsherjarreglu. Ástæða er til að huga að slíku á viðsjárverðum tímum þegar ófriður er í okkar heimsálfu, einræðisríki færa sig upp á skaftið og margþátta ógnir steðja að vestrænum lýðræðisríkjum. Samtökin telja engu að síður ekki ástæðu til að mæla með framlagningu frumvarpsdraganna á þingi nema með verulegum breytingum, bæði á frumvarpinu sjálfu svo og annarri löggjöf og regluverki atvinnulífsins sem leggur hindranir í götu erlendar fjárfestingar í íslenskum fyrirtækjum.

Drögin fela í sér flækjustig og kostnað

Eins og raunar er vikið að í greinargerð frumvarpsdraganna eru hömlur á beinni erlendra fjárfestingu óvísanlegar meiri í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, en á Íslandi. Aðeins Nýja Sjáland og Mexíkó eru með meiri hömlur á fjárfestingu erlendra aðila. Erlend fjárfesting er enda langtum minni hér sem hlutfall af landsframleiðslu en í OECD-ríkjunum að meðaltali. Í greinargerðinni er látið í það skína að samþykkt þess muni engu breyta um hömlur á erlendra fjárfestingu hér á landi og jafnvel lækka vísitölu OECD um takmarkanir á erlendum fjárfestingum fyrir Ísland.

Þetta telja samtökin ekki raunsætt mat. Tilkynningaskyldan sem kveðið er á um í 4. grein draganna mun þannig búa til flækjustig og kostnað fyrir erlenda fjárfesta, sem er ekki líklegt til að hvetja til fjárfestinga. Gildissvið áformaðrar lagasetningar skv. 3. grein er gríðarlega vítt og nær m.a. yfir þróun nýrrar tækni (5. tölul.) sem er meginviðfangsefni ótal lítilla sprotafyrirtækja, sem leitast við að sækja sér erlent áhættufjármagn.

Enginn vafi leikur á að í ákvæðum draganna felast hömlur í vegi erlendar fjárfestingar. Að mati samtakanna er bráðnauðsynlegt að til mótvægis ráðist stjórnvöld í markvissa vinnu við að aflétta hindrunum í vegi erlendar fjárfestingar, sem felast í margs konar löggjöf og regluverki sem um atvinnulífið gildir.

Samkeppnismat á regluverki atvinnulífsins

Ein leið til þess væri að framkvæma samkeppnismat, í samstarfi við OECD, á öllu regluverki atvinnulífsins. Flókið og ógegnsætt regluverk um stofnun og rekstur fyrirtækja er ein stærsta hindrunin í vegi erlendra fjárfestinga. Mjög jákvætt skref var stigið er slíkt mat var framkvæmt á regluverki byggingariðnaðarins og ferðaþjónustunnar á vegum atvinnuvegaráðuneytisins. Niðurstöður þess voru kynntar fyrir rétt tæpum tveimur árum. OECD gerði 438 tillögur til breytinga á gildandi lögum og reglum til að afnema samkeppnishindranir og óþarfa reglubyrði og auka þar með samkeppnishæfni greinanna. Þótt tillögurnar hafi verið góðar bendir hins vegar ýmislegt til að eftirfylgni með þeim hafi verið ónóg og aðeins örfáum hefur verið hrint í framkvæmd.

Mikilvægt er að fylgja þessari vinnu eftir. FA hefur lagt til að haldið verði áfram að framkvæma kerfisbundið samkeppnismat á regluverki atvinnulífsins og beint þeirri tillögu til matvælaráðuneytisins að sjávarútvegur og landbúnaður verði næst undir í slíkri vinnu. Þá ætti að taka upp slíkt samkeppnismat á öllum lagafrumvörpum og reglugerðardrögum sem varða atvinnulífið.

Minna íþyngjandi innleiðing EES-reglna

Önnur leið er að leitast við að hamla gegn þeirri varhugaverðu þróun að reglur sem teknar eru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið séu innleiddar hér á landi með of íþyngjandi hætti og iðulega bætt við innleiðingarfrumvörp alls konar séríslenskum reglum og hömlum. Í skýrslu utanríkisráðuneytisins, *Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi*, sem kom út 2017, var tekin upp tillaga FA um að verklagi við innleiðingu EES-reglna í íslenskan rétt yrði breytt til að stuðla að einföldun regluverks. Í tillögu nr. 34 (af 150 í skýrslunni) sagði þannig: „*Unnið verði að því að innleiða reglur þannig að þær verði minna íþyngjandi fyrir íslenska hagsmunaaðila. Komið verði upp verklagi þar sem tilgreint verði í greinargerðum með frumvörpum til innleiðingar EES-reglna hvaða ákvæði varði reglunnar beinlínis, hvaða ákvæði gangi lengra en þær kveða á um og þá af hvaða ástæðum og hvaða svigrúm sé til að haga innleiðingu þannig að hún verði minna íþyngjandi.*“

Enn er mikill misbrestur á að þessu verklagi sé fylgt við innleiðingu EES-reglna og telja samtökin afar brýnt að skerpt verði á þessum vinnubrögðum.

Fjárfestingar frá EES-ríkjum undanþegnar tilkynningaskyldu

Samtökin gjalda varhug við því að ákvæði frumvarpdraganna skuli gilda um allar erlendar fjárfestingar, óháð því hvaðan þær koma. Í greinargerð draganna segir á bls. 52: „*Þá þykja ekki standa rök til að takmarka ákvæði frumvarpsins við erlenda aðila frá ríkjum utan EES-svæðisins [svo] í heild eða að hluta, heldur er lagt til grundvallar að ákvæði frumvarpsins gildi jafnt um alla erlenda aðila.*“

Að mati samtakanna eru rökin fyrir því að undanþiggja fjárfestingar frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins tilkynningaskyldu skv. 4. gr. draganna augljós. Hér er um að ræða nánustu vinnu- og bandalagsríki Íslands, sem við höfum samið við um hindrunarlausan innri markað og eigum að auki í nánú pólitísku samstarfi við. Vakni grunur um að fjárfestingar lögaðila innan EES ógni öryggi eða allsherjarreglu, t.d. vegna eignarhalds aðila tengdra óvinveittum ríkjum eða annarra svokallaðra „áhættusamra aðila“ geta ákvæði draganna um frumkvæðisrýni átt við um slík tilvik.

Að lokum

Af framansögðu má ráða að samtökin telja óráð að leggja þessi drög sem frumvarp fyrir Alþingi að óbreyttu. Slíkt ætti eingöngu að gerast í samhengi við markvissa heildarendurskoðun á regluverkinu sem snýr að samkeppnishæfni íslenzks atvinnulífs og fækkun hindrana í vegi erlendra fjárfestinga.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA og ÍEV